

105. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Haldinn mánudaginn 3. apríl 2023, kl. 14:00 að Digranesvegi 1.

Fundinn sátu: Kristín Amy Dyer, Kristján Ingi Gunnarsson, Ólafur Björnsson, Friðrik Ómarsson, Ásgeir Haukur Guðmundsson og Teitur Erlingsson. Björn Jónsson framkvæmdastjóri sat einnig fundinn.

1. Fundur settur

Formaður setti fundinn klukkan 14:05 og stýrði honum, fundinn ritar framkvæmdastjóri.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar

Fundargerð 104. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar og samþykkt samhljóða.

3. Tillaga að breytingum að samþykktum Markaðsstofu Kópavogs

Stjórnarformaður lagði fram uppfærða útgáfu af samþykktum Markaðsstofu Kópavogs, sjá fskj. 3.1. Breytingar á samþykktum miða að því að tilgangi með rekstri sjálfseignastofnunarinnar Markaðsstofu Kópavogs, kt. 560713-1180 verði breytt þannig að nýjar/breyttar samþykktir nái yfir rekstur atvinnu- og nýsköpunarsetursins Skóp. Hver og einn liður uppfærðra samþykktar var lesinn upp og lagður fyrir fundinn til umræðu. Umræður urðu um tilgang félagsins og skipun stjórnar. Stjórnarformaður upplýsti fundinn um að forsenda fyrir fjárframlagi frá Kópavogsbæ sé að í samþykktum sé kveðið á að meirihluti stjórnar sé tilnefndur af Kópavogsbæ.

Samþykkt var að drög að nýjum samþykktum verði send til allra stjórnarmanna til yfirlestar með ósk um umsögn og tillögur að breytingum. Stefnt skal að því að nýjar samþykktir verði lagðar fyrir næsta stjórnarfund til samþykktar.

4. Markaðsmál

Upplýsti var að markaðsherferð fyrir Skóp sé nýlega farin í loftið og að fyrstu viðbrögð gefi jákvæðar væntingar um fjölgun þátttakenda í starfseminni.

5. Önnur mál

Upplýst var að erindi frá Markaðsstofu Kópavogs hafi verið tekið fyrir á fundi bæjarráðs Kópavogs 2. mars og á fundi ráðsins þann 9. mars var lagt fram minnisblað frá lögfræðideild Kópavogsbæjar um lögformleg tengsl Markaðsstofunnar og Kópavogsbæjar. Málið var rætt á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 14. mars. Bæjarstjóri upplýsti þá að ekki hafi verið tekin ákvörðun um að loka starfsemi Markaðsstofu Kópavogs heldur hafi verið ákveðið að færa fjárframlag til stofnunarinnar, sem samþykkt var í fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2023, yfir til nýstofnaðrar Áfangastaðastofu Höfuðborgarsvæðisins.

Stjórnarformaður var spurð hvort að staðfesting hafi fengist á breyttri upphæð fjárframlags frá Kópavogsbæ til Markaðsstofu Kópavogs á árinu 2023. Fram kom að heildarupphæð framlags Kópavogsbæjar verði 9.000.000,- í staði fyrir 23.750.000,- kr. eins og samþykkt var í fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar.

Framkvæmdastjóri upplýsti að lækkun fjárframlags frá Kópavogsbæ muni að öllum líkindum leiða til þess að ekki verði mögulegt að standa við fjárhagsskuldbindingar vegna rekstrar á árinu 2023.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:20.